

30

9. jan.

L Ö G

um heimild handa ríkisstjórninni til einkasölu á bifreiðum, rafvélum,
rafáhöldum o. fl.

Vér Christian hinn Tiundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur,
Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski,
Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau
með samþykki Voru:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að taka einkasölu á eftirtöldum vöruflokkum:

- a. Bifreiðum allskonar og bifhjólum, hvort heldur er til mannflutninga eða vöruflutninga.
- b. Bifreiða- og bifhjólahlutum, þar með töldum hjólbörðum (tires) og slöngum.
- c. Rafvélum og áhöldum, raflagningarefni. Skal undir þann flokk aðallega telja: Rafhreyfla, rafala, aðrar rafvélar og rafvélahluta, rafgeyma og rafhlöður, raflampa, glólampa (ljósakúlur), rafmæla, rofa og vör (öryggi), raflagnapípur, dósir, tengla og annarskonar búnað raflagna, boglampa, glimlampa, einangrara, hnappa, vökur, spennu (transformatora), strenghólka allskonar, loftskeytataeki, dýptarmæla, röntgentæki, talsíma- og ritsímaáhöld, eirvör og vafinn vör, snúrur og strengi (kabil) úr eir.

2. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að taka einkasölu á einum framantalinna vöru-
flokka án þess að hinir fylgi með, og henni er einnig heimilt að taka einkasölu
á einstöku vörutegundum innan vöruflokka þeirra, sem getur í 1. gr., án þess
að tekin sé einkasala á þeim vöruflokki öllum.

3. gr.

Ríkisstjórnin ákveður með reglugerð allt nánara skipulag einkasölnnar,
þar á meðal, hversu fer um vörur þær, sem um ræðir í 1. gr. og óseldar eru í
landinu þegar einkasalan hefst.

4. gr.

Ríkisstjórnin leggur fram nauðsynlegt rekstrarfé til einkasölnnar, svo og
til viðgerðarverkstæða fyrir bifreiðar, eftir því sem þykir þurfa, og er henni
heimilt að taka það að láni. Heimilt skal ríkisstjórninni að leggja rekstur
einkasölnnar að nokkrum hluta eða að öllu leyti undir þær ríkiseinkasölur
eða ríkisstofnanir, sem fyrir eru.

Verzlunarhagnaður af einkasölu rennur í ríkissjóð.

30% af verzlunarhagnaðinum greiðir ríkissjóður bæjar- og sýslusjóðum þannig: 10% renna til bæjarsjóðs þess kaupstaðar, sem einkasalan hefir aðal- aðsetur í, en 20% skiptast eftir mannfjölda milli bæjarsjóða annara kaupstaða og sýslusjóða.

Skatt þennan greiðir ríkissjóður bæjarsjóðum og sýslusjóðum 1. marz ár hvert af ágóða næstliðins árs. Af einkasölum þeim, er settar verða á stofn samkvæmt lögum þessum, greiðist þá og eigi skattur samkv. 2. gr. laga nr. 47 4. júní 1924, um aukaútsvör ríkisstofnana.

5. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum, frá 500—50000 kr., nema þyngri refsing liggja við að lögum. Hver sá hlutur, sem ræðir um í 1. gr. a—c og ólöglega er fluttur inn í landið, skal upptækur ger og andvirðið renna til einkasöluunnar.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eigi allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Amaliuborg, 9. janúar 1935.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Eysteinn Jónsson.

L Ö G

um eftirlit með opinberum rekstri.

31

9. jan.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Fyrirtækjum þeim, sem ríkið hefir sett á stofn til þess að annast sérstök samgöngumál, verzlunarmál, verklegar framkvæmdir, ásamt verksmiðjustörfum, skal skipt í þrjá flokka, eftir eðli þeirra og viðfangsefnum, svo sem hér segir: